

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Svava Kristín Ingólfssdóttir
mezzosópran

Iwona Ösp Jagla
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 24. júlí 2001 kl. 20:30

Efnisskrá

Svava Kristín Ingólfssdóttir stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík þáðan sem hún lauk söngkennaraprófi vorið 1992. Kennarar hennar voru meðal annars Þuríður Pálsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Jórunn Viðar og Anna Júlíana Sveinsdóttir. Undanfarin tvö ár hefur hún sótt bæði „masterclass“ og einkatíma hjá André Orlowitz, prófessor í Kaupmannahöfn. Svava hefur verið starfandi söngkona og söngkennari í fjöldamörgum árum. Hún hefur haldið einsöngstónleika bæði hér á landi og erlendis. Svava söng með Óperukórnum, Hljómkórnum og Kammerkór Langholtskirkju er hún bjó hér á landi en hún er nú búsett í Gautaborg, Svíþjóð.

Iwona Ösp Jagla er fædd í Póllandi og lauk Masters- og einleikaraprófi í píanóleik frá Tónlistarakademíu Gdansk árið 1983. Þá hafði hún þegar hafið störf við söng- og kammermúsikdeild akademíunnar. Jafnframt vann hún sem æfingastjóri við Baltík óperuna árin 1983 til 1990. Iwona Jagla kom til Íslands haustið 1990 og starfaði hjá Íslensku óperunni í nokkur ár. Hún kennir nú við Söngskólann í Reykjavík.

Alessandro Parisotti 1853-1913	Se tu m'ami <i>P.A. Rolli</i>
Robert Schumann 1819-1896	Frauenliebe und Leben Seit ich ihn gesehen Er, der herrlichste von allen Ich kann's nicht fassen Du Ring an meinem Finger Helft mir, ihr Schwestern Süßer Freund An meinem Herzen Nun hast du mir den ersten Schmerz getan <i>Adelbert von Chamisso</i>
Jórunn Viðar f. 1918	Karl sat undir kletti <i>Halldóra B. Björnsdóttir</i> Unglingurinn í skóginum <i>Halldór Laxness</i>
Jean Sibelius 1865-1957	Den första kyssten Flickan kom ifrån sin älsklings möte <i>J.L. Runeberg</i>
Gösta Nystroem 1890-1966	Jag har ett hem vid havet <i>Ragnar Jändel</i>
Ture Rangström 1884-1947	Vingar i natten <i>Bo Bergman</i>
Camille Saint-Saëns 1835-1921	Mon cœur s'ouvre à ta voix Áría Dalilu úr óperunni Samson og Dalila
Georges Bizet 1838-1875	Seguidilla Áría Carmen úr samnefndri óperu

Aftur kom stúlkan af stefnumóti, og varir hennar voru rauðar. Móðir hennar spurði: „Af hverju eru varir þínar rauðar?“ Stúlkan svaraði: „Ég var að eta hindber, og berjasafinn litaði á mér varirnar.“

Enn kom stúlkan af stefnumóti, og vangar hennar voru bleikir. Móðir hennar spurði: „Af hverju ertu bleik í vöngum?“ Stúlkan svaraði: „Láttu grafa mér gröf, móðir mín, og geymdu mig þar og settu kross á, og á krossinn skaltu láta rista þetta:

Eitt sinn kom hún heim með rauðar hendur, því þær roðnuðu í höndum ástvinar hennar.

Eitt sinn kom hún heim með rauðar varir, því þær roðnuðu við varir ástvinarins. Loks kom hún heim bleik í vöngum, því þeir bliknuðu við heitrof hans.

Þýð. Þorsteinn Gylfason

Jag har ett hem vid havet - Ég á hús við hafið

Ég á hús við hafið.
Einmana liggur það í hliðinni
langt frá byggð
eins og fuglahreiður á meðal fjalla.

Hér bý ég,
héðan geng ég til vinnu.
Hér gleymi ég mér
og finn hamingju.

Á hverju hausti plægi ég ný blómabeð
og mæti augum vina nýrra á vori hverju.

En stundum er bara allt eins og barnsins draumur
og ég heyri styrka rödd, sem kallar:
„Hvar ert þú? Hvar felur þú þig?
Þú ert ekki heima hér. Ekki er þetta þitt.“

Ég á hús við hafið.
Einmana liggur það í hliðinni
langt frá byggð
eins og fuglahreiður á meðal fjalla.

*Þýð. Ásgeir Sigurvaldason og
Svava K. Ingólfssdóttir*

Vingar i natten - Vængir að nóttu

Það er fugl sem flýgur svartur og þögull,
hver bindur hans örlög? Enginn.
Hann flýgur um heimsins víða geim
með angistarvind undir vængjum.
Á ekki hreiður til að hlýja sér í,
ekki skjól eða hvílastað.

Mín þjótandi löngun skyggir þinn
brennandi skjá.

Svo fól í tunglskinsins föla ljósi,
þú strýkur draum af enni þér.
Nú sefur þitt stóra þögla hús.
Örlög mín fá ekki staldrað við.

Það veður í skýjum
og fýkur yfir dimmum vötnum..
við löngunnar fuglar,
við óróleikans börn,
við þjótandi vængir að nóttu.

*Þýð. Ásgeir Sigurvaldason og
Svava K. Ingólfssdóttir*

Frauen-Liebe und Leben - Kvenna-ljóð

I.
Sá ég sveininn þrúða,
síðan er ég blind;
hvar sem augað eygir,
eina sé ég mynd.

Dag og nótt mér dillar
draumur logaskær
sem í mesta myrkri
mesta birtu ljær.

Annað allt í heimi
er sem vafið reyk,
ei ég sé né sinni
systra minna leik.

Helzt ég heima þreyi
hljóð við táralind;
sveininn sá ég þrúða,
síðan er ég blind.

II.
Hann, það mikla yndis yndi,
ó, svo fríður, stór og hár,
fagurmyntur, fránn í sjónum,
frjáls í lund og hreystiknár.

Þarna stafar hæst í hæðum
heilög stjarna blíðuskær;
eins á mínum hjartans himni
hann er stjarna, dufti fjær.

Líð þú brautu, ljúfi, þína,
ljómi þinn er meir en nóg,
alla lotning áttu mína,
yndisþrá og sorgarró.

Heyr ei mínar hljóðu bænir,
heilla þó að árne þér,
auðvirð mær er á þig mæni,
undurljós! og feimin er.

Einungis hin allra bezta
er þess verð að njóta þín;
hana sæla segja skyldi
sífeldlega tungan mín.

Hátt ég skyldi hlæja' og gráta
henni gefinn þá þú ert,
þó af harmi hjartað springi,-
hjartað mitt er einskis vert.

III.
Ég skil ei, það tekur ei tali,
mig töfrar víst draumur einn:
að mig vilji eina eiga
sá unaðarmæri sveinn.

En hefir hann samt ei sagt það:
„þú sérð ég er orðinn þinn“.
Það var! Nei, ég veit þó eigi,
því villtur er hugur minn.

Ó, að ég dæi í draumi
við dýrasta brjóstið hans,
og óminnis ölið tæmdi
í örmunum þessa manns!

IV.
Þú hringurinn hjarta kæri,
á hönd minni sem ég ber,
ég bregð þér að bifandi vörum
og ber þig að hjarta mér.

Minn bernsku draumur var búinn,
sú blíðasta lífsins tíð,
og hugsjúk ég horfði í bláinn
á heimsins logandi stríð.

Þú hringur minn hjarta kæri,
þú hefir mér fyrstur kennt,
og fyrstur opnað mín augu
fyrir alheimsins lifandi mennt.

Með hugást ég héðan af lifi
við hjarta míns eigin manns,
ég fel honum allt mitt frelsi
og fyllist af ljósi hans.

Þú hringur minn hjarta kæri,
á hönd minni sem ég ber,
ég bregð þér að bifandi vörum
og ber þig að hjarta mér.

V.
Búið nú brúði,
brosmildu systur,
nú skal fagnaðar faldinn kljá;
hóglega hnýtið
hreinmeyja kransinn
myrtus-laufanna mér um brá.

Brosti ég bundin
blíðvinar örmum,
heyrdi' eg ástanna yndislag.
Elskhugans hjarta
heyrdist mér stynja,
sífelld þráandi þennan dag.

Hjálpíð mér, systur,
hjálpið að lóga
þessum kvíðandi brúðarbeyg;
skal ei með björtum,
brosandi hvarmi
heilsa gleðinnar guðaveig?

Líti' eg minn ljúfvin,
lifnar mitt hjarta;
brostu, sól mín, og send þitt skin!
Eg vil í auðmýkt

undrandi hneigja -
öll þér hneigja, minn hjartans vin.

Heiðrið hann, systur,
hýrustu blómum,
dýrstu rósum, sem Drottinn skóp.
Svanmæru systur,
sorgblíðri lundu
kveð ég elskandi yðar hóp.

VI.
Elskan mín, með undri
á mig starir þú;
þér má ekki þykja
þó ég tárast nú.
Lát þær litlu perlur
líka sóma þér,
langar þær að leika
ljúft um hvarma mér.

Hví er hrætt mitt hjarta?
hví svo gleðiríkt?
Ef ég aðeins gæti
orði málað slíkt!
Kom og höfði halla
hér að brjósti mér,
allt mitt dular-yndi
eg vil hvísla' að þér.

Vissum merkjum mamma
mig hef' r eftir spurt,
síðan innt frá öllu,
ekkert látið kjurt;
hvíslað mér í hljóði,
hvað nú standi til:
allt um - allt um *vöggju*
eftir nokkurt bil!

Því er hægt að þýða
þögul tárin mín;
lofa þú mér, ljúfi,

líka' að horfa' á þín.
Hallast við mitt hjarta,
heyr þess leynispil,
enn þá meira yndis
eg svo finni til.

Hér við höfðalagið
hef ég vöggurúm,
þar má hjóna hnossið
hírast dag sem húm.
Senn er Drottins dagur,
draumsins mark þá skín,
þegar báðum brosir
blessuð myndin þín.

VII.
Að hjarta mínu, ljúfa ljós,
þú lífs míns sól, og munar-rós!

Vort líf er elska, elskan líf,
vort æðsta hnoss, vor bezta hlíf.

Ég þóttist áður eiga gott,
en æðri sælu nú hef vott.

Sú ein það finnur fullt og ljóst,
er fyrsta sinn á jóð við brjóst.

Hvað elska sé, og að eiga gott,
veit ein sú snót, sem þess ber vott.

Ég aumka hlýt hvern mennskan mann,
að móðurgleði' ei njóta kann.

Það brosir, sko! Sem babbi sinn;
ó, blíði hjartans engillinn!

Að hjarta mínu, ljúfa ljós,
þú lífs míns sól og munar-rós!

VIII.
Að horfa' á þig, að hylja þig,

minn hjartans-ver!
Í fyrsta sinn þú særir mig
og sundursker.

Ég stari ein á auðan geim,
og ógnar-tóm.
Nú sé ég genginn gleðiheim
og græt minn dóm.

Í öndu mína innst ég flý
við auðarþrot;
þar lifa kolum lífs míns í
mín lukku-brot.

Þýð. Matthias Jochumson

Den första kysen - Fyrsti kossinn

Úr skuggsælum lundinum beindi stúlkan
spurningu sinni
til kvöldstjörunnar, sem sat á silfurskýi:
„Seg mér, kvöldstjarna, hvernig eru
viðbrögð á himnum
þegar við gefum ástvini okkar fyrsta
kossinn?“

Og hin hlédræga dóttir himinsins svaraði:
„Englaskari ljóssins lítur til jarðar
og sér spegilmynd eigin sælu.
Aðeins dauðinn lítur undan og grætur.“

Þýð. Reynir Axelsson

Flickan kom ifrån sin älsklings möte - Stúlka kom af stefnumóti

Stúlka kom af stefnumóti, og hendur hennar
voru rauðar. Móðir hennar spurði:
„Af hverju eru hendur þínar rauðar?“
Stúlkan svaraði: „Ég var að tína rósir,
og stakk mig í fingurinn á þyrnunum.“